

2017

NORRÆN

Námskrá um síðdaufblindu



NORDISK LÄSEPLAN FÖRVÄRVAD DÖVBLINDHET

Utgiven av
Nordens välfärdscenter
www.nordicwelfare.org
© september 2017

Ansvarig utgivare:
Ewa Persson Göransson

Grafisk produktion: Elin Melin
Foto: Mostphotos.com
Översättning:

Nordens välfärdscenter
Sverige
Box 1073, 101 39 Stockholm, Sverige
Besöksadress: Drottninggatan 30
Tel: +46 8 545 536 00
info@nordicwelfare.org

Nordens välfärdscenter
Finland
c/o Institutet för hälsa och välfärd, PB 30, 00271 Helsingfors,
Finland
Besöksadress: Mannerheimvägen 168 B
Tel: +358 20 7410 880
helsingfors@nordicwelfare.org

Publikationen kan laddas ner på www.nordicwelfare.org

Formáli

Í því skyni að starfsfólk á sviði samþætt-
rar sjón- og heyrnarskerðingar á Norður-
löndum hafi sameiginlegan þekkingar-
grunn, sem og til að skapa og viðhalda
sameiginlegri norrænni hugtakanotkun,
er nauðsynlegt að hafa norræna námskrá.
Námskránni er ætlað að vera grunnur fyrir
grunnnámi í löndunum og hægt er að túlka
hana og aðlaga námskrám landanna og
námi á hverjum stað á Norðurlöndunum.
Ætlunin er að skapa sameiginlegan þek-
kingargrunn svo að fundir á norrænum
vettvangi verði fróðlegir og lærdómsríkir,
til dæmis með námskeiðum á vegum

Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar og í
norrænum tengslanetum.

Norræni leiðtogafundurinn á sviði
samþættrar sjón- og heyrnarskerðing-
ar skipaði norrænan vinnuhóp sem fékk
það hlutverk að semja „Norræna námskrá
um síðdaufblindu“. Þessi námskrá te-
kur ekki í smáatriðum á innihaldi ólíkra
námsleiða, en á að vera almennt stýrisk-
jal fyrir sérsniðin námskeið í löndunum.
Námskráin var þróuð í starfi vinnuhópsins,
sem og í viðræðum við faghópa Norður-
landanna.

Norræn námskrá með mið af sjónarhorni lífsbreytinga

Síðdaufblindu fylgja óhjákvæmilegar lífsbreytingar, sem hafa áhrif á daglegt líf og lífið í heild sinni, bæði fyrir einstaklinginn og umhverfi hans, allt frá beinum daglegum aðstæðum til flókins félagslegs samhengis. Það sem erfiðast reynist að takast á við í tengslum við síðdaufblindu er að fötlunin kemur oft smátt og smátt yfir lengri tíma og stundum með til skiptis hrakandi sjón og heyrn. Ólík færni sem hefur verið lærð snemma í bernsku, svo sem að hreyfa sig frjálst og óháð öðrum, geta átt samskipti, lesið og skrifað, verður að lærast á nýjan leik og oft með alveg nýjum aðferðum.

Á sviði samþættrar sjón- og heyrnarskerðingar á Norðurlöndunum hafa í mörg ár verið verkefni í gangi til þess að öðlast þekkingu á því hvernig lífsbreytingar birtast, sér í lagi þegar um síðdaufblindu er að ræða. Þessi verkefni gefa góðan grunn í faglegu starfi og ástæðu til þess að koma til móts við þarfir einstaklingsins og bjóða réttan stuðning á réttum tíma. Skýrslur þær sem eru afurð þessara verkefna eru líka heimildarit sem mælt er með í grunnnámi landanna.



Við yfirferð á lífsbreytingalíkaninu fá nemendur innsýn í ólíkar afleiðingar í kjölfar síðdaufblindu. Einnig er mikilvægt að nemendur öðlist þekkingu og skilning á nýjum lífskjörum í kjölfar samþættrar sjón- og heyrnarskerðingar og því hversu mikillar orku það krefst að aðlagast þessum nýju aðstæðum. Fyrirlesarar í grunnnámi í löndunum leggja af mörkum fræðilegan grundvöll lífsbreytingalíkansins og einstaklingar með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu bæta við eigin reynslu af lífsbreytingum.

Áhrif samþættrar sjón- og heyrnarskerðingar á einstaklinginn og sá stuðningur sem umhverfið þarf að veita eru viðmið þessarar námskrár. Auk þess byggir námskráin á alþjóðasáttmálum og löggjöf landanna og ólíkum reglum, sem segja til um stuðning við einstaklinga með fötlun. Gildismat námskrárinnar byggir á hugtökum eins og þátttöku, aðgengi, banni við mismunun, öryggi, virðingu og sjálfstæði.

Uppbygging

Námskráin á að vera lifandi plagg. Hún á að vera vinnutæki fyrir leiðbeinendur og kennara og hana má nota sem fyrirmynd til að byggja upp grunnnámið í hverju landi fyrir sig. Námskráin er lifandi og á að þróast í takti við nýja þekkingu sem kemur fram í samtímanum.

Hún verður tengd við norrænan vinnuhóp sem mun laga hana eftir þörfum og hana má nota óháð uppbyggingu námsins í hverju landanna fyrir sig. Hvert Norðurlandanna ber ábyrgð á að veita kynningu og undirstöðuþekkingu á samþættri sjón- og heyrnarskerðingu.



Framhaldsnám og ítarlegri þekking er í boði á Norðurlöndum, í Evrópu og líka á alþjóðavísu.

Markmiðið með grunnnáminu er að það eigi að útvega hæft starfsfólk á ólíkum sviðum samfélagsins, sem einstaklingar með síðdaufblindu eru háðir eða eiga samskipti við.

Grunnnámið á að taka mið af þekkingu sem byggir á rannsóknum og reynslu. Námið byggir á virkri þátttöku nemenda og að þeir deili reynslu sinni. Mikilvæg forsenda góðs náms er að einstaklingar með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu taki þátt í náminu, bæði í skipulagi og framkvæmd.

Námskránni er skipt í fjóra hluta:

- Námsmarkmið
- Innihald
- Aðferðir
- Ígrundun

Ofangreint líkan má nota af leiðbeinendum sem vinnutæki í undirbúningi námsins til að tryggja samhengi milli námsmarkmiða, innihalds, aðferða og eigin ígrundunar. Það má líka nota við mat á stökum námskeiðum eða grunnnámskeiðum, til þróunar og gæðaeftirlits.



Námsmarkmið

Leiðbeinandinn lýsir tilgangi námskeiðsins með lýsingu á námsmarkmiðum. Norræna námskráin leggur grunn að námi víðsýnna og vel menntaðra starfsmanna. Einnig er kostur á ólíkum markmiðum stakra námskeiða. Í því skyni að setja fram mikilvæg námsmarkmið getur verið gagnlegt fyrir leiðbeinandann að ígrunda eftirfarandi atriði í upphafi:

- Hvaða þekkingu ber að hafa að loknu námskeiði og hvers vegna?
- Hvaða þekkingu hafa nemendur þörf fyrir?

- Til þess að geta tengt fræðilegt innihald við hagnýta framkvæmd.
- Til þess að geta ígrundað eigið hlutverk sem fagmaður í samskiptum við einstaklinginn með samþætta sjón- og heyrnar-skerðingu.
- Til þess að geta skipulagt, framkvæmt og fylgt aðgerðum eftir í eigin starfi.
- Til þess að geta hrint þekkingunni í framkvæmd í daglegu starfi.

Skýrar línur um væntingar nemenda og þarfir stuðla að námsumhverfi með frjálsri umræðu. Því er mikilvægt að þetta fari fram ásamt nemendum í byrjun grunnnámsins.

Innihald

Innihald námskrárinnar er sett saman úr ólíkum meginþemum sem í heild veita grunnþekkingu á síðdaufblindu. Markmiðið er að nemendur öðlist góðan skilning á afleiðingum og líf skjörum sem samþætt sjón- og heyrnarskerðing hefur í för með sér, bæði fyrir einstaklinginn og umhverfið.

SÍÐDAUFBLINDA

NÁMSMARKMIÐ: Nemendur eiga að hafa undirstöðuþekkingu á því sem einkennir samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Þeir eiga bæði að hafa þekkingu á einstaklingsbundnum afleiðingum síðdaufblindu og þekkingu á því hvernig megi aðlagða félagslegt og ytra umhverfi á grundvelli virks starfs og þátttöku. Þess utan eiga nemendur að hafa þekkingu á ólíkum skilningarvitum, hvernig þau starfa sín á milli og hafa áhrif innbyrðis og hvernig megi á ólíkan hátt bæta upp samþættu sjón- og heyrnarskerðinguna.

Lýsing á síðdaufblindu á að innihalda:

- Norræna skilgreiningu á samþættri sjón- og heyrnarskerðingu
- Skilningarvitin og samspil þeirra
- Orsakir
- Algengi
- Fjölbreytileika
- Framvindu
- Helstu málefni tengd síðdaufblindu:
 - ▶ samskipti
 - ▶ upplýsingar
 - ▶ rötun og hreyfing milli staða
 - ▶ andleg og líkamleg heilsa

LÍFSBREYTINGA FERLIÐ ÞEGAR UM SÍÐDAUFBLINDU ER AÐ RÆÐA

NÁMSMARKMIÐ: Nemendur eiga að hafa þekkingu og ítarlegan skilning á hvað djúpstæðar lífsbreytingar, eins og samþætt sjón- og heyrnarskerðing, geta haft í för með sér, bæði fyrir einstaklinginn og aðstandendurna. Í lok námsins eiga nemendur að hafa þekkingu á hvernig megi nota lífsbreytingalíkanið í vinnunni með notandanum og aðstandendunum, bæði einstaklingsbundið og í hópi. Auk þess eiga nemendur að hafa þekkingu á áhrifum umhverfisins fyrir lífsbreytingar hvers og eins og hvaða þættir geta verið til gagns annars vegar og hins vegar til hindrunar.

Efnisflokkurinn á að innihalda:

- Lífsbreytingalíkanið
 - ▶ Einkenni á ólíkum stigum
 - ▶ Helstu efnisflokkar sem vinna skal með
 - ▶ Réttur stuðningur á réttum tíma – tímasetning
- Áhrif umhverfisins
 - ▶ Tengslanetið, bæði í einkalífi og hið faglega
 - ▶ Þverfaglegt samstarf
 - ▶ Þættir sem geta verið til gagns annars vegar og hins vegar til hindrunar



SAMSKIPTI OG UPPLÝSINGAR

NÁMSMARKMIÐ: Nemendur eiga að hafa þekkingu á hvernig samskipti og félagslíf, á ólíkan hátt, verða fyrir áhrifum við síðdaufblindu og hvernig megi veita stuðning til að þróa nýjar aðferðir og leiðir. Bæði með tilliti til beinna samskipta við ólíkar félagslegar aðstæður og óbeint, að lesa og skrifa.

Efnisflokkurinn samskipti á að innihalda:

- Viðmót – skipulagning fundarins
- Almennt um samskipti, með orðum og án orða
- Ólíkar gerðir samskipta eins og táknmál, talmál, félagsleg samskipti með snertingu, ritmál, punktaletur o.s.frv.
- Þörf fyrir breytt skynform í samskiptum
- Samskipti með snertingu, bæði bein og óbein
- Ólíkar leiðir við að tileinka sér upplýsingar
- Notkun túlks

TÆKNI OG HJÁLPARTÆKI

NÁMSMARKMIÐ: Nemendur eiga að skilja mikilvægi þess að einstaklingar með síðdaufblindu þurfi að bæta upp fötlunina með hjálpartækjum eða sérsniðnum lausnum við margar aðstæður. Þeir eiga að hafa þekkingu á lögmálum og flækjum í tengslum við prófun, sérsniðnar lausnir, þjálfun, stuðning og notkun tækni og hjálpartækja og hafa vitneskju um hvaða aðilar beri sérstaka ábyrgð og hvert beri að snúa sér með spurningar um tækni og hjálpartæki. Auk þess eiga nemendur að vera meðvitaðir um að hjálpartæki og tæknilegar sérsniðnar lausnir ber að líta á sem mikilvægan hluta heildstæðrar endurhæfingar.

Efnisflokkurinn tækni og hjálpartæki á að innihalda:

- Skilning á kortlagningu á þörf fyrir hjálpartæki við ólíkar lífsaðstæður eins og nám, vinnu, daglegt líf og tómstundir.
- Sérstök hjálpartæki sjónar annars vegar og heyrnar hins vegar.
- Þýðingu og hlutverk neytendataækni, snjallsíma, spjaldtölva, smáforrita o.s.frv.
- Að aðlaga prófunaraðstæður (herbergið, viðbótartíma, túlk o.s.frv.)

STUÐNINGUR SAMFÉLAGSINS

NÁMSMARKMIÐ: Nemendur eiga að hafa þekkingu á gildandi viðhorfum og grundvallarreglum samfélagsins. Líka á því hvernig löggjöf, markmið í fötlunarmálum og alþjóðasáttmálar, hafa í för með sér lagaleg réttindi og siðferðislega þætti sem verður að fylgja. Nemendur eiga að ígrunda hlutverk sitt sem sérfræðingar og ráðgjafar. Auk þess eiga nemendur að hafa þekkingu á ólíkum gerðum samfélagslegs stuðnings og þjónustu sem einstaklingar með síðdaufblindu geta haft þörf fyrir við ólíkar aðstæður og á ólíkum lífsskeiðum. Í þessum efnisflokki vörpum við líka ljósi á hlutverk og þýðingu notendasamtaka.

Efnisflokkurinn stuðningur samfélagsins á að innihalda:

- Alþjóðasáttmála og flokkanir, löggjöf landanna, reglur og markmið í fötlunarmálum
- Ólík stuðningshlutverk samfélagsins
- Þverfaglegt samstarf og samræmingu aðgerða
- Aðgang að endurteknum og sveigjanlegum stuðningi
- Hlutverk notendasamtaka



Aðferðir

Þessi kafli inniheldur tillögur að ólíkum aðferðum sem leiðbeinandinn og nemendur geta notað til að skapa bestu aðstæður fyrir aukna færni. Leiðbeinandinn og nemendur finna í sameiningu heppilegustu aðferðirnar hvað þetta varðar. Aðferðirnar eru mótaðar í opnu námsumhverfi þar sem tekið er mið af möguleikum nemenda, færni og forsendum.

- Einstaklingar með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu eru mikilvæg hjálparhella í náminu, bæði í skipulagningu og framkvæmd.
- Nemendur ættu í námi sínu að hitta einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.
- Heimaverkefni ættu, ef þess er kostur, að byggja á raunverulegum dæmum.
- Aðferðirnar eiga að sjá til þess að nemendur geti tekið virka afstöðu til eigin náms, framkvæmdar og aukinnar færni.

Tillaga að aðferðum til að ná námsmarkmiðum námskrárinnar;

- Heimildarit og greinar
- Heimasíður
- Kvikmyndir
- Hagnýtar æfingar
- Hópvinnu
- Tveggja manna spjall eða í litlum hópum
- Leiðarbækur
- Verkefni og heimaverkefni

KENNSLUFORM:

- Fjarkennsla
- Málstofur
- Leiðsögn
- Þemadagar
- Kennsla í plenum
- Námsheimsóknir
- Náms hópar/tengslanet
- Starfsþjálfun
- Meistaránám



Ígrundun

Gæði nást fram með ígrundun um eigin námsmarkmið, val efnis og skipulag námsins. Mikilvægt er að ígrunda hlutina í öllu grunnnáminu. Mikilvægar spurningar gætu verið:

- Hvernig tryggjum við að við förum yfir allt efnið? Er varpað nægilegu ljósi á allt efnið?
- Hvernig tryggjum við að nemendur geti haft áhrif á eigið nám?
- Eru einhverjar sérstakar forsendur sem leiðbeinandi/kennari þarf að vera meðvitaður um?

- Er samhengi og merking í því sem miðlað er?
- Hversu vel tengist efnið og fræðikennigarnar starfsþjálfun?
- Á hvaða hátt getur leiðsögn/kennslan stutt námið?
- Mat á náminu. Fer fram af hálfu bæði leiðbeinanda/kennara og nemenda.

Til að ná hámarksárangri er mælt með að leiðbeinandinn og kennararnir ígrundi stöðugt eigið framlag sem fyrirlesarar.

HEIMILDARIT OG UPPLÝSINGAR

Livsomställning vid kombinerad syn- och hörselnedsättning/dövblindhet – ett inre arbete över tid (2011)

Höfundar: Ann-Christine Gullacksen, Lena Göransson, Gunilla Henningsen Rönnblom, Anny Koppen & Anette Rud Jørgensen. Gefið út af Norrænu velferðarmiðstöðinni (www.nordicwelfare.se).

Livsomstilling ved kombinert syns- og hørselsnedsættelse – En veileder til praksis som støtter prosessen (2016)

Höfundar: Helene Engh, Lena Göransson, Gunilla Henningsen Rönnblom, Vibeke Lorentzen & Anette Rud Jørgensen. Gefið út af Norrænu velferðarmiðstöðinni (www.nordicwelfare.org). Þýðingu á sænsku má sjá hér: www.nkcdb.se

Se och hör mig – personer med förvärvad dövblindhets erfarenheter av delaktighet, rehabilitering och medborgerligt liv (2017)

Höfundar: Ann-Britt Johansson <https://gupea.ub.gu.se/handle/2077/48663>

Heimildaskrár í löndunum, viðeigandi kvikmyndir og vefsíður. Uppfærða lista frá hverju Norðurlandanna má finna á vefsvæðum stofnananna.

NORDENS VÄLFÄRDSCENTER

En institution under Nordiska ministerrådet

Vi främjar och stärker den nordiska välfärdsmodellen.

► **Kunskap**

Vi samlar erfarenheter från de nordiska länderna inom det välfärdspolitiska området.

► **Spridning**

Vi sprider kunskap via våra aktiviteter och nätverk.

► **Dialog**

Vi skapar dialog mellan politiker, forskare och praktiker.

Vi arbetar med frågor inom folkhälsa, integration, funktionshinder, välfärdsteknologi och välfärdspolitik.



Nordic Welfare
Centre